

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulaginu miðbær-Hraun, vestur – Hverfisgata 49.*

Í samræmi við skipulagslög var breyting á deiliskipulaginu miðbær-Hraun, vestur vegna lóðarinnar Hverfisgötu 49 samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 29. september 2021, með breytingum að auglýsingatíma loknum. Í breytingunni felst að skilgreindur er nýr byggingarreitur á lóðinni fyrir 3ja hæða einbýlishús, allt að 230 m<sup>2</sup> að stærð. Hámarksnýtingarhlutfall lóðarinnar verður 0,73. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Hafnarfirði, 29. nóvember 2021.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Guðrún Guðmundsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 6. desember 2021